

## Fundargerð

### 5. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 20. nóvember 2019 kl. 15:00.

#### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson formaður, Helgi Héðinsson varaformaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Jóna Björg Hlöðversdóttir aðalmaður, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir aðalmaður, Halldór Þorlákur Sigurðsson aðalmaður, Elísabet Sigurðardóttir varamaður, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri, Róbert Ragnarsson ráðgjafi og Jón Hrói Finnsson ráðgjafi.

**Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson**, verkefnisstjóri.

Fundurinn var haldinn sem fjarfundur.

Elísabet Sigurðardóttir varamaður sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

#### 1. Starfshópar - 1911021

Umræður um skilgreiningu og skipun starfshópa.

*Róbert fór yfir tillögur verkefnisstjóra að skipan starfshópa og málefnasviðum þeirra. Fundarmenn komu með ábendingar sem voru færðar inn í skjalið jafnóðum. Rætt var um að virkja ungmennaráð sveitarfélaganna í umræður um sameiningu á starfstíma starfshópanna.*

*Verkefnisstjórum falið að uppfæra skjalið miðað við umræðurnar á fundinum og þær ábendingar sem voru skráðar í drögin. Róbert lagði til að fulltrúar úr samstarfsnefnd tækju að sér að leiða starfshópa. Huga þarf sérstaklega að starfsmönnum til að styðja við störf hópanna. Ákveðið að tillögur að starfshópum verði lagðar fyrir samstarfsnefnd á næsta fundi.*

#### 2. Verkefnis- og kostnaðaráætlun - 1909031

Kynnt uppfærð tímaáætlun verkefnisins og áætlun greiðsluflæðis.

*Verkefnisstjórar fóru yfir framlögð gögn. Ákveðið að verkefnisstjórar fundi með fulltrúum Alta og verkefnisstjóra Nýsköpunar í norðri til að tryggja samræmi í áætlunum. Arnór benti á að gert er ráð fyrir lokum Nýsköpunar í norðri í lok árs 2020. Dagbjörtu falið að senda uppfærða greiðsluflæðisáætlun til Jöfnunarsjóðs.*

#### 3. Greining fjárhags sameinaðs sveitarfélags - 1910012

Verkefnisstjórar fara yfir stöðu fjárhagsgreiningar.

*Róbert fór yfir stöðu vinnunnar. Gagnaöflun er lokið að mestu en greining er ekki hafin. Sveitarstjórar senda fjárhagsáætlanir næstu ára til verkefnisstjóra og viðhaldsáætlanir.*

#### 4. Samskiptasáttmáli samstarfsnefndar - 1911024

Lögð fram tillaga að samskiptasáttmála samstarfsnefndar.

*Samkiptasáttmálinn var samþykktur.*

**5. Áskrift að fjölmiðlavöktun - 1911022**

Verkefnisstjórar leggja til að keypt verði áskrift að fjölmiðlavöktun. Áætlað er að vöktunin kosti um 19.000 kr. á mánuði.

*Arnór lagði til að bætt yrði við lykilorðum vegna Nýsköpunar í norðri. Samþykkt að kaupa áskrift að fjölmiðlavöktun samkvæmt tilboðinu.*

**6. Hönnun merkis fyrir verkefnið - 1909049**

Umræður um fyrirbyggjandi tillögur Geimstofunnar að merki fyrir Þingeying.

*Merki nr 7. í tillögum Geimstofunnar var samþykkt. Merkið myndar stafinn Þ og er tenging við náttúruna. Línur mynda foss og sólarupprás speglast í vatni.*

**7. Kynningarmál Þingeyings - 1909030**

Kynning á drögum að vefsvæði Þingeyings.

*Þorsteinn kynnti efni heimasíðu Þingeyings [www.thingeyingur.is](http://www.thingeyingur.is). Fundarmenn lýstu ánægju sinni með síðuna. Eftir er að laga litasamsetningu að nýju merki verkefnisins.*

**8. Nýsköpun í norðri - 1909032**

Formaður fer yfir stöðu verkefnisins.

*Íbúafundum til kynningar á verkefninu er lokið og mikið magn upplýsinga hefur komið fram á þeim. Alls hafa verið haldnir tíu íbúafundir og tveir í stýrihópi verkefnisins. Móttökur hafa almennt verið góðar.*

**9. Fundir samstarfsnefndar - 1911026**

Lagt er til að desemberfundur samstarfsnefndar verði felldur niður og að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn miðvikudaginn 15. janúar 2020.

*Ákveðið að fundurinn verði haldinn miðvikudaginn 8. janúar kl. 15 á Laugum. Meðal dagskráratríða verður kynning á Zoom hugbúnaðinum.*

Fundi slitið kl. 17:00.

---